

# Reglur mótsins

- Hver leikur er 2 x 12 mínútur.
- Mikilvægt er að allir leikmenn fái tækifæri til að spila.
- Það má skipta inná hvenær sem er á leiktímanum.
- Reglur fyrir minnibolta eru notaðar á vellinum.
- Stigin eru ekki talin – allir vinna.
- Liðin verða að muna eftir að bakka yfir miðlínu í vörn (engin sóknarpressa er leyfð).
- Ef varnarmaður brýtur á skotmanni fær hitt liðið eitt vítaskot.



## Punktur... fyrir dómara á Nettómóti

- Flauta hátt þegar flautað er.
- Alltaf segja leikmönnum, hátt og snjallt, hvað þið dæmduð og hver á boltann.
- Ná í bolta við hvern dóm og afhenda boltann, þeim leikmanni sem á að koma boltanum aftur í leik.
- Gott er að leyfa þeim leikmanni sem brotið var á, að setja boltann í leik aftur (taka innkastið).
- Ef dæmt er víti þarf að sýna krökkum hvar þau eiga að standa. Fjórir leikm. standa við teiginn, sá er tekur vítið, tveir leikm. úr varnarl. og einn úr sóknarliði mega standa við teiginn. Aðrir eru úti á vellinum. Best er að dæma þannig að sem fæst víti séu tekin.
- Vera skemmtilegir við börnin (gláðir og kátir).
- Þessi fáu atriði gera dómara að “alvöru” Nettó dómara.

## Muna svo.....

- Engar húfur á hausnum við að dæma – upp með hökuna.
- Ekki vera að spjalla við félagana meðan þið dæmið.
- Slökkva á gsm símunum. Aldrei að tala í þá meðan leik stendur.
- Þið eruð líka leiðbeinendur og ekki hika við að sýna krökkunum hvernig á að gera og hvernig ekki.

*Viðmiðin þurfa að vera breytileg eftir flokkum, þ.e. að gera aðrar kröfur til 9 ára leikmanna en t.d. 5-7 ára leikmanna. Einnig þurfa viðmiðin að innihalda sveigjanleika, t.d. verður dómari að bregðast við því þegar átta ára lið sem gerir aldrei tvígríp og skrefar sjaldan, lendir á móti liði sem hleypur næstum alltaf með boltann. Í slíku tilfalli verður dómari að dæma einstaka sinnum á hlaupaliðið.*

